

# **Afkomutilkynning 31.12.2003**

**5. febrúar 2004**



## Rekstur Landsbanka Íslands árið 2003

### Lykiltölur

Fjárhæðir í milljónum króna á verðlagi hvers árs

|                                                           | 2003          | 2002          | Breyting     | %            | 2001          | 2000         | 1999         |
|-----------------------------------------------------------|---------------|---------------|--------------|--------------|---------------|--------------|--------------|
| <b>Rekstur</b>                                            |               |               |              |              |               |              |              |
| Vaxtatekjur.....                                          | 21.871        | 21.813        | 58           | 0,3%         | 27.909        | 20.356       | 15.517       |
| Vaxtagjöld.....                                           | 12.540        | 14.082        | (1.542)      | -10,9%       | 19.136        | 14.330       | 10.001       |
| <b>Hreinar vaxtatekjur.....</b>                           | <b>9.331</b>  | <b>7.732</b>  | <b>1.600</b> | <b>20,7%</b> | <b>8.772</b>  | <b>6.026</b> | <b>5.516</b> |
| Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í félögum.....      | 144           | 523           | (379)        | -72,4%       | 873           | 743          | 469          |
| Þóknunartekjur.....                                       | 6.271         | 4.745         | 1.526        | 32,2%        | 4.197         | 2.901        | 2.288        |
| Þóknunargjöld.....                                        | (843)         | (669)         | (173)        | 25,9%        | (575)         | -            | -            |
| Gengismunur.....                                          | 3.361         | 208           | 3.152        | -            | (1.704)       | (113)        | 615          |
| Aðrar rekstrartekjur.....                                 | 718           | 1.378         | (660)        | -47,9%       | 687           | 403          | 342          |
| <b>Rekstrartekjur.....</b>                                | <b>9.651</b>  | <b>6.185</b>  | <b>3.466</b> | <b>56,0%</b> | <b>3.479</b>  | <b>3.935</b> | <b>3.714</b> |
| <b>Hreinar rekstrartekjur.....</b>                        | <b>18.982</b> | <b>13.916</b> | <b>5.066</b> | <b>36,4%</b> | <b>12.251</b> | <b>9.961</b> | <b>9.230</b> |
| Laun og launatengd gjöld.....                             | 5.656         | 4.387         | 1.269        | 28,9%        | 4.184         | 3.620        | 3.432        |
| Annar rekstrarkostnaður.....                              | 3.562         | 3.208         | 354          | 11,0%        | 2.995         | 2.770        | 2.316        |
| Afskriftir.....                                           | 1.307         | 752           | 555          | 73,8%        | 754           | 584          | 470          |
| Önnur rekstrargjöld.....                                  | 289           | 157           | 132          | 83,9%        | 174           | 144          | 238          |
| <b>Rekstrargjöld.....</b>                                 | <b>10.815</b> | <b>8.505</b>  | <b>2.309</b> | <b>27,2%</b> | <b>8.108</b>  | <b>7.118</b> | <b>6.456</b> |
| Framlag í afskriftareikning útlána.....                   | 4.656         | 2.863         | 1.793        | 62,6%        | 2.298         | 1.340        | 1.106        |
| <b>Hagnaður fyrir skatta og hlutdeild minnihluta.....</b> | <b>3.512</b>  | <b>2.549</b>  | <b>963</b>   | <b>37,8%</b> | <b>1.846</b>  | <b>1.504</b> | <b>1.668</b> |
| Skattar.....                                              | 457           | 475           | (19)         | -3,9%        | (9)           | 518          | 575          |
| Hlutdeild minnihluta.....                                 | 99            | 45            | 54           | -            | 107           | 31           | -            |
| <b>Hagnaður.....</b>                                      | <b>2.956</b>  | <b>2.028</b>  | <b>928</b>   | <b>45,7%</b> | <b>1.749</b>  | <b>955</b>   | <b>1.093</b> |

### Efnahagur

|                                                    |                |                |                |              |                |                |                |
|----------------------------------------------------|----------------|----------------|----------------|--------------|----------------|----------------|----------------|
| Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir..... | 48.772         | 18.893         | 29.880         | 158,2%       | 22.023         | 22.447         | 23.021         |
| Útlán.....                                         | 326.400        | 214.787        | 111.612        | 52,0%        | 199.083        | 169.374        | 131.070        |
| Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum.....     | 63.744         | 36.337         | 27.407         | 75,4%        | 39.939         | 38.076         | 33.402         |
| Aðrar eignir.....                                  | 9.323          | 7.808          | 1.515          | 19,4%        | 7.881          | 9.398          | 5.602          |
| <b>Eignir samtals.....</b>                         | <b>448.239</b> | <b>277.824</b> | <b>170.415</b> | <b>61,3%</b> | <b>268.926</b> | <b>239.294</b> | <b>193.095</b> |
| Lánastofnanir.....                                 | 43.840         | 30.665         | 13.175         | 43,0%        | 29.410         | 36.981         | 26.808         |
| Innlán.....                                        | 152.320        | 108.306        | 44.014         | 40,6%        | 99.747         | 82.665         | 77.821         |
| Lántaka.....                                       | 209.357        | 108.479        | 100.878        | 93,0%        | 111.639        | 97.152         | 70.278         |
| Aðrar skuldir.....                                 | 6.389          | 5.057          | 1.332          | 26,3%        | 3.131          | 2.706          | 2.091          |
| Víkjandi lán.....                                  | 13.090         | 8.216          | 4.874          | 59,3%        | 8.527          | 5.436          | 4.661          |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga.....  | 862            | 792            | 70             | 8,8%         | 967            | 716            | -              |
| Eigið fé.....                                      | 22.382         | 16.309         | 6.073          | 37,2%        | 15.505         | 13.639         | 11.436         |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>            | <b>448.239</b> | <b>277.824</b> | <b>170.414</b> | <b>61,3%</b> | <b>268.926</b> | <b>239.294</b> | <b>193.095</b> |

### Kennitölur

|                                                               | 2003  | 2002  | 2001  | 2000   | 1999  |
|---------------------------------------------------------------|-------|-------|-------|--------|-------|
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta.....                          | 20,9% | 17,0% | 13,9% | 12,7%  | 17,5% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta.....                          | 17,6% | 13,5% | 13,1% | 8,1%   | 11,5% |
| Eiginfjárpáttur A.....                                        | 6,9%  | 7,7%  | 7,5%  | 7,2%   | 8,2%  |
| Eiginfjárlutfall.....                                         | 9,9%  | 10,6% | 10,4% | 8,7%   | 9,6%  |
| Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum.....     | 57,0% | 61,1% | 66,2% | 71,5%  | 69,9% |
| Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns.... | 3,0%  | 3,1%  | 3,2%  | 3,3%   | 3,7%  |
| Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns.....                | 2,62% | 2,83% | 3,45% | 2,86%  | 2,99% |
| Framlag í afskriftareikning af stöðu útlána í lok árs.....    | 1,47% | 1,33% | 1,17% | 0,83%  | 0,87% |
| Heildareignir pr. stöðugildi í lok árs.....                   | 415   | 282   | 270   | 240    | 198   |
| Gengi hlutabréfa í lok tímabils.....                          | 5,80  | 3,65  | 3,39  | 3,45   | 4,56  |
| Hækkun hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna.....        | 61,6% | 10,6% | 0,1%  | -22,1% | 96,7% |
| Stöðugildi í árslok.....                                      | 1.025 | 986   | 997   | 996    | 977   |

## Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi

### Besta rekstrarár í sögu bankans


Rekstur Landsbanka Íslands hf. á árinu 2003 gekk vel og er afkoma bankans sú besta í sögu hans. Hagnaður bankans nam 3.512 milljónum króna fyrir skatta, en að teknu tilliti til skatta og hlutdeildar minnihluta nam hagnaðurinn 2.956 milljónum króna.

Arðsemi eigin fjár fyrir skatta var 20,9% á árinu 2003 samanborið við 17,0% árið á undan. Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 17,6% samanborið við 13,5% á árinu 2002.

### Hreinar rekstrartekjur aukast um 5.066 milljónir króna eða 36%

**Hreinar rekstrartekjur** samstæðunnar námu 18.982 milljónum króna á árinu 2003 samanborið við 13.916 milljónir króna á árinu 2002 og hafa þær aukist um 5.066 milljónir króna eða 36%.

**Hreinar vaxtatekjur** námu 9.331 milljón króna á árinu 2003 og jukust um 1.600 milljónir króna eða 21% samanborið við fyrra ár. Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns nam 2,62% á tímabilinu samanborið við 2,83% á árinu 2002.



**Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum** námu 144 milljónum króna á árinu 2003 samanborið við 523 milljónir króna á fyrra ári. Lækkunin skýrist einkum af hlutdeild bankans í afkomu VÍS á fyrstu níu mánuðum ársins 2002, en hlutur bankans í félaginu hefur verið seldur

og eru engar hlutdeildartekjur bókaðar af því á árinu 2003.


**Þóknunartekjur** bankans námu 6.271 milljón króna á árinu og hafa þær aukist um 32% eða 1.526 milljónir króna frá fyrra ári. Auknar þóknunartekjur má rekja til aukinna umsvifa, einkum á sviði verðbréfastarfsemi og eignastýringar.

**Gengishagnaður** bankans nam 3.361 milljón króna á árinu 2003 samanborið við 208 milljón króna gengishagnað á fyrra ári. Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum nam 841 milljón króna á árinu 2003. Gengishagnaður skuldabréfa nam 34 milljónum króna og af hlutabréfum nam gengishagnaður 2.486 milljónum króna. Gengishagnaður hlutabréfa hefði orðið hærri á árinu 2003 ef ekki hefði komið til umtalsverð niðurfærsla á óskráðum hlutabréfum bankans.

**Aðrar rekstrartekjur** námu 718 milljónum króna á árinu 2003 samanborið við 1.378 milljónir króna á fyrra ári. Lækkunin milli ára skýrist af söluhagnaði af eignarhlutum í tryggingarfélögum, en bankinn innleysti liðlega 900 milljón króna söluhagnað af eignarhlut sínum í VÍS á árinu 2002. Aðrar rekstrartekjur á árinu 2003 eru að stórum hluta vegna sölu á eignarhlutum í tryggingarfélögum.


### Kostnaðarhlutfall 57%

**Rekstrargjöld** bankans námu 10.815 milljónum króna á árinu 2003 samanborið við 8.505 milljónir króna á árinu 2002. Tekjuaukning bankans var umtalsvert meiri en aukning kostnaðar á árinu og lækkaði kostnaðarhlutfall sem því nam og reiknast það 57% samanborið við 61% á árinu 2002. Kostnaður sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns var 3,0% á árinu. Með tilliti til mikillar stækkunar heildareigna á seinni hluta ársins 2003 mun hlutfallið lækka til muna á árinu 2004.



Stöðugildi við bankastörf hjá móðurfélaginu í lok árs 2003 voru 918 samanborið við 907 í upphafi árs. Þá voru 77 stöðugildi í dótturfélögum bankans í lok ársins samanborið við 47 í upphafi ársins. Aukning stöðugilda í dótturfélögum skýrist einkum af kaupum bankans á Landsbankanum Lúxemborg á öðrum ársfjórðungi 2003.

**Framlag í afskriftareikning** útlána nam 4.656 milljónum króna á árinu 2003 samanborið við 2.863 milljónir króna á fyrra ári. Aukið afskriftaframlag skýrist m.a. af mikilli aukningu útlána á árinu 2003, yfirgripsmikilli skoðun á útlánunum á árinu og almennt breyttum vinnubrögðum við mat á afskriftum og afskriftaþörf. Hefur útlánaeftirlit bankans verið stóreft í þessu sambandi. Þróun vanskila hjá bankanum benda til þess að hagræði viðskiptavina fari batnandi og að hlutfallslegt framlag í afskriftareikning útlána muni lækka á næsta ári.




**Afskriftareikningur** útlána nam 7.700 milljónum króna eða 2,3% af heildarútlánunum og veittum ábyrgðum í lok árs 2003. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn hugsanlegum útlánatöpum. Þegar og ef útlán tapast eru þau færð út af afskriftareikningi útlána. Á tímabilinu voru færðar 3.709

milljónir króna úr afskriftareikningi útlána sem endanlega töpuð útlán.

## Stækkun Landsbankans 61% á árinu 2003 – 170 milljarðar króna

**Heildareignir** Landsbankans námu 448 milljörðum króna í lok árs 2003 og hafa þær aukist um 61% eða 170 milljarða króna á árinu. Þar af nam aukning heildareigna á 2. ársfjórðungi 48 milljörðum króna, á 3. ársfjórðungi 40 milljörðum króna og aukning 4. ársfjórðungs nam 79 milljörðum króna.



**Útlán** bankans voru 326 milljarðar króna í lok árs 2003 samanborið við 215 milljarða króna í upphafi árs og hafa þau aukist um 111 milljarða króna eða 52%. Um 36 milljarða króna aukning skýrist af starfsemi Landsbankans Lúxemborg.

**Markaðsskuldabréf** bankans námu 39 milljörðum króna í lok árs 2003. Bankinn hefur gert framvirka samninga á móti skuldabréfaeign sinni og nam fjárhæð þeirra 15,7 milljörðum króna í árslok 2003.

**Hlutabréf** og önnur verðbréf með breytilegum tekjum námu 24 milljörðum króna í lok árs 2003. Bankinn hefur gert framvirka samninga á móti hlutabréfaeign sinni og nam fjárhæð samninganna 5,5 milljörðum króna í lok ársins.

**Hlutir í hlutdeildarfélagum** námu 1,3 milljörðum króna í lok árs 2003 samanborið við 4,0 milljarða í upphafi árs og hafa lækkað um 2,7 milljarða króna á árinu. Lækkunin skýrist af sölu á eignarhlutum í tryggingarfélagum.

## 41% aukning innlána Mikill vöxtur í eignastýringu


**Innlán** bankans námu 152 milljörðum króna í lok ársins og jukust þau um 44 milljarða króna eða 41% á árinu 2003. Þar af nam aukning hjá erlendum starfstöðvum bankans 16 milljörðum króna, en bankinn hóf m.a. skipulagða innlánsstarfsemi í gegnum Heritable Bank í London á árinu.

**Heildareignir í virkri stýringu** jukust um 37% á árinu 2003 og námu 130 milljörðum króna í lok ársins. Þá námu heildareignir í vörslu og stýringu 340 milljörðum króna og jukust þær um 100% á árinu.

## Vel heppnaðar lántökur

**Lántaka** bankans nam 209 milljörðum króna í lok árs 2003 og jókst hún um 101 milljarð króna á árinu. Aukning í erlendum lántökum er m.a. til komin vegna endurfjármögnunar Landsbankans Lúxemborg og stækkunar móðurfélagsins, einkum vegna mikillar aukningar í útlánum til stórra fyrirtækja. Endurfjármögnun erlendra lána undir EMTN fjármögnunarramma bankans tókst einkar vel á árinu. Til að mæta aukinni fjármögnunarþörf var EMTN fjármögnunarramminn stækkaður úr 1.000 milljónum USD í 1.500 milljónir. Jafnframt kom bankinn á fót nýjum 500 milljón evra fjármögnunarramma (ECP), sem gerir bankanum kleift að gefa út skammtíma víxla í ýmsum myntum á erlendum fjármálamörkuðum með allt að 12 mánaða lántíma. Viðbrögð við ECP fjármögnunarrammanum hafa verið afar jákvæð og lánaðgjör hagstæð og sýnir það traust sem bankinn hefur áunnið sér meðal erlendra fjárfesta og þann greiða aðgang sem hann hefur að erlendu lánsfé.

**Eigið fé** samstæðunnar var 22,4 milljarðar króna í lok árs 2003. Þá námu **víkjandi lán** 13,1 milljarði króna í lok ársins. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt CAD reglum var 9,9% í lok árs 2003, þar af 6,9% samkvæmt eiginfjárbætti A.



## Einkavæðing - vöxtur - skilvirkni

Árið 2003 var merkt ár í sögu Landsbanka Íslands hf. Á árinu lauk einkavæðingu bankans formlega og hafa nýir eigendur styrkt bankann markvisst með hliðsjón af endurnýjaðri stefnumótun um arðbæran vöxt á innanlandsmarkaði og aukna uppbyggingu erlendis. Heildareignir Landsbankans jukust umtalsvert á árinu 2003 eða um 170 milljarða króna og er það nokkurn veginn sama aukning heildareigna og varð hjá bankanum á árunum 1994-2002. Aukningin er jafnframt sambærileg við stækkun bankans á fyrstu 113 árunum í sögu hans.

Bankinn festi kaup á Landsbankanum Lúxemborg á 2. ársfjórðungi 2003, auk þess sem Heritable Bank, hefur víkkað út starfsemi sína, m.a. með innlánastarfsemi og fasteignalánum.

Stjórnun samstæðunnar og innra skipulag hefur verið styrkt á árinu 2003 með þarfir viðskiptavinarins um trausta, samkeppnishæfa og skilvirka þjónustu að leiðarljósi.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði láns hæfismatseinkunn Landsbankans á skuldbindingum til skamms tíma úr Prime-2 í Prime-1 á árinu og er það hæsta mögulega láns hæfismatseinkunn til skamms tíma sem fyrirtækið gefur.

## Almennur kaupréttur

Í desember sl. nýttu starfsmenn bankans almennan kauprétt alls að fjárhæð 92 milljónir króna að nafnverði á genginu 3,58. Miðað við lokagengi í viðskiptum gærdagsins með hlutabréf í bankanum nemur hagnaður starfsmanna af kaupréttinum um 273 milljónum



króna. Dæmigerður kaupréttur starfsmanns var 112 þúsund krónur að nafnverði og nemur hagnaður af þeim kauprétti liðlega 330 þúsund krónum. Þannig hafa starfsmenn notið góðs af batnandi afkomu bankans, en um 900 starfsmenn nýttu kaupréttinn á nýliðnu ári.

## Afkomuhorfur fyrir árið 2004

Markaðsaðstæður fjármálafyrirtækja voru hagstæðar á árinu 2003. Þá var efnahagsástand á Íslandi jákvætt og gerir bankinn ráð fyrir að svo verði áfram á árinu 2004.

Stærðarhagkvæmni bankans hefur aukist á árinu 2003 ásamt því að tekjugrunnur bankans hefur styrkst. Landsbankinn jók framlög í afskriftareikning útlána á árinu 2003, en gerir ráð fyrir að úr þeim muni draga á árinu 2004. Gengisvísitala hlutabréfa í Kauphöll Íslands hækkaði mikið á árinu 2003, en gera má ráð fyrir að hækkunin verði minni á árinu 2004. Að teknu tilliti til þessara þátta gerir Landsbankinn ráð fyrir að arðsemi eigin fjár á árinu 2004 verði svipuð og á árinu 2003.

Rétt er að hafa í huga við mat á afkomuhorfum fjármálafyrirtækja að rekstur þeirra er háður ýmsum ytri þáttum, svo sem efnahagsþróun hérlendis og erlendis, þróun verðlags og gjaldmiðla, sem og þróun innlendra og erlendra fjármálamarkaða.

## Reikningsskilaaðferðir

Sömu reikningsskilaaðferðum er beitt við gerð ársreikningsins og á síðasta ári. Samstæðureikningurinn er ekki að fullu samanburðarhæfur við fyrra ár í rekstrarreikningi þar sem SP-Fjármögnun hf. var ekki inni í fyrra árs tölum samstæðu á fyrstu níu mánuðum ársins 2002 og Landsbankinn Lúxemborg kemur inn í rekstrarreikning samstæðunnar frá 1. júlí 2003. Að sama skapi eru efnahagsstærðir ekki samanburðarhæfar vegna Landsbankans Lúxemborg.

Sem skráð félag í Kauphöll Íslands mun Landsbankinn breyta reikningsskilaaðferðum sínum frá og með árinu 2005 til samræmis við alþjóðlegar reglur. Hafinn er undirbúningur að þessari vinnu innan bankans.

## Aðalfundur, arður og birting árshlutauppgjöra 2004

**Aðalfundur** Landsbanka Íslands hf. árið 2004 verður haldinn laugardaginn 14. febrúar nk. kl. 14.00 í Súlnasal Hótel Sögu.

Bankaráð Landsbankans hefur ákveðið að leggja til á aðalfundi að greiddur verði 10% arður að fjárhæð 750 milljónir króna til hluthafa. Viðskipti að teknu tilliti til arðs hefjast mánudaginn 16. febrúar n.k. Gjaldddagi arðs verður 9. mars 2003. Hluthafar bankans voru 13.936 í árslok 2003.

Fyrirhugað er að birta árshlutauppgjör bankans á árinu 2004 sem hér segir:

Fyrsti ársfjórðungur: 29. apríl  
Annar ársfjórðungur: 29. júlí  
Þriðji ársfjórðungur: 28. október

*Ársreikning Landsbankans fyrir árið 2003 má nálgast á heimasíðu bankans [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)*

Nánari upplýsingar veita:

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson  
bankastjórar í síma 560 6110.